

Starfsemi

Deildin er sérhæfð meðferðar- og endurhæfingardeild, sem er opin sjö daga vikunnar allt árið. Starfsemin miðar að þjónustu fyrir einstaklinga með heilabilunarsjúkdóma.

Meginmarkmiðið er að auka lífsgæði með því að skapa öryggi og veita umhyggju í rólegu umhverfi, þar sem þjónusta við sjúklinga og fjölskyldu byggir á þekkingu og framþróun. Meðferðin miðar að því að auka hæfni einstaklingsins til að takast á við breyttar aðstæður og viðhalda vitrænni og líkamlegri færni. Í samvinnu við einstakling og aðstandendur er leitað lausna sem hæfa hverjum og einum.

Hjúkrun

Hjúkrunarfræðingar gera hjúkrunaráætlun, samræma og halda utan um meðferðina út frá þörfum sjúklings og fjölskyldu hans.

Hjúkrunarfræðingar og læknar veita upplýsingar um allt sem viðkemur ástandi sjúklings og meðferð

Lækning

Læknar greina heilabilunarsjúkdóma og meðhöndla einkenni þeirra, vitræna skerðingu, geðræn einkenni og hegðunarvandamál.

Teymisvinna

Ýmsir koma að meðferð sjúklings svo sem sérfræðingar í öldrunarlækningum, hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar, sjúkraþjálfarar, iðjuþjálfar og félagsráðgjafar. Farið er yfir málefni hvers sjúklings á vikulegum fundum.

Fjölskyldufundir

Fjölskyldufundir eru haldnir eftir þörfum. Áhersla er lögð á góð tengsl við fjölskylduna sem er hvött til að ræða við lækni og hjúkrunarfræðing um meðferð og líðan sjúklings.

Hagnýtar upplýsingar

Sjúklingar nota eigin föt og snyrtidót á meðan á dvöl stendur. Nærfatnaður er lagður til. Aðstandendur sjá um hreinsun á fatnaði. **Nauðsynlegt er að merkja allar eigur sjúklings.**

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum sem sjúklingur eða aðstandendur hafa meðferðis

Þjónusta fagaðila

Prestur kemur reglulega á deildina og sinnir sálgæslu við sjúklinga og aðstandendur.

Sjúkraþjálfari veitir meðferð þar sem það á við. Útvegar hjálpartæki til göngu og veitir ráðgjöf.

Iðjuþjálfari metur sjálfsbjargargetu, veitir ráðgjöf og útvegar hjálpartæki.

Félagsráðgjafi gefur ráð um félagsleg réttindi og úrræði, veitir upplýsingar um starfsemi félagsmiðstöðva, dagþjálfun, hvíldarinnlögn, heimilishjálp og framtíðarúrræði.

Auk þess er hægt að leita til sálfræðings, næringarráðgjafa, augnlækis og annarra sérfræðinga.

Tannlæknþjónustu er hægt að fá og þurfa sjúklingar að greiða fyrir það sjálfir.

Verið velkomin á deild L4 á Landakoti

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins er bundið þagnarskyldu og fer með málefni sjúklinga af fyllsta trúnaði. Við viljum biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnid að verða vitni að eða heyrið um aðra á deildinni.

Í bæklingi þessum eru upplýsingar um starfsemi og þjónustu sem veitt er. Starfsfólk deildarinnar býður upp á samvinnu við fjölskylduna til að vinna að sem bestum lausnum fyrir sjúklinginn.

Deildarstjóri
G. Gerður Sæmundsdóttir
Við alla virka daga kl. 08:00-16:00

Sérfræðilæknir
Björn Einarsson

Símanúmer
5439886 og 5439870

Útgefandi: Flæðisvið LSH, Landakoti
Desember 2014

Ábyrgð : G. Gerður Sæmundsdóttir
Björn Einarsson



Deildarbæklingur Öldrunarlækningadeild C L4 Landakoti



*Umhyggja • Fagmennska
Öryggi • Framþróun*